



## Íslenska

# Vinnuskóli Reykjavíkur

Vinnuskóli Reykjavíkur hefur í boði sumarstörf fyrir unglunga sem búa í Reykjavík og hafa verið í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla í borginni og verða því 14, 15 eða 16 ára á árinu.

Unglingarnir mynda 12 - 14 manna flokka sem vinna við ýmis verkefni úti við undir stjórn leiðbeinenda.

Verkefnin eru mismunandi eftir aldri:

14 ára, úr 8. bekk grunnskóla: Þrif og létt viðhald á grunnskólalóðum og íþróttasvæðum.

15 ára, úr 9. bekk grunnskóla: Gróðursetning og stígagerð á opnum svæðum og aðstoð við gróðurumhirðu í görðum eldri borgara og öryrkja.

16 ára, úr 10. bekk grunnskóla: Létt viðhald og umhirða á lóðum stofnana Reykjavíkurborgar og á opnum svæðum í borginni.

Vinnutíminn fer eftir aldri. 14 ára unglungar vinna 3,5 tíma á dag og geta starfað alls í 5 vikur. 15 ára vinna í 7 tíma á dag í 5 vikur. 16 ára vinna í 7 tíma á dag en geta starfað alls í 6 vikur.

Unglingunum er kennt að nota algeng áhöld og verkfæri og þeir ávinna sér reynslu af verklegum störfum sem að gagni kemur síðar á lífsleiðinni. Þeir eru þjálfaðir í að vinna saman í hópi og fræddir um fjölmargt sem snertir nánasta umhverfi þeirra og framtíð.

Eftir sumarstarfið fær hver unglungur skriflega umsögn um frammistöðu sína í vinnunni. Eftirtaldir þættir eru metnir: Stundvísi, framkoma, vandvirkni, samvinna, vinnubrögð, meðferð verkfæra og hvernig viðkomandi tekur fyrirmælum.

Það borgar sig að veita þessu athygli frá upphafi og gæta síðan umsagnarskráteinisins vel.

Umsögnin getur komið að góðu gagni síðar þegar sótt er um vinnu.

Allar upplýsingar um sumarstörfin hjá Vinnuskóla Reykjavíkur er að finna á heimasíðu skólans: [www.vinnuskoli.is](http://www.vinnuskoli.is). Þar er líka *skráningarblað* sem fylla á út og senda rafrænt.

Skráning hefst síðast í mars og henni lýkur fyrir lok aprílmánaðar. Þetta fyrirkomulag er kynnt nemendum í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Mjög mikilvægt er að skrá sig áður er frestur til þess rennur út.

Við skráningu þarf viðkomandi að vera með íslenska kennitölu, sem gefin er út af *Þjóðskrá*, Borgartúni 24, sími: 569 2900, og eiga launareikning í banka. Öll laun eru lögð inn á bankareikning sem verður að vera á nafni og kennitölu viðkomandi unglings.

Þeir sem verða 16 ára á árinu fá skattkort sem *Ríkisskattstjóri* gefur út. Ef skattkort hefur ekki borist í pósti má sækja það í afgreiðslu *Ríkisskattstjóra*, Laugavegi 166, Reykjavík, sími: 800 6311. Skattkortinu er skilað til skrifstofu Vinnuskólans þegar starf hefst.

Ef viðkomandi unglungur er með ofnæmi eða annan sjúkdóm sem áhrif getur haft á vinnugetu þarf að geta þess við skráningu og gefa upp nafn lækni sem þekkir til málsins.

Þegar unglungur ætlar að skrá sig í Vinnuskólann og er kominn með *skráningarblaðið* á tölvuskjáinn er byrjað á að slá inn kennitölu. Upp kemur þá nafn og heimilisfang eins og það er skráð í þjóðskrá. Síðan er haldið áfram með að fylla skráningarblaðið út og mikilvægt að skrifa í

alla reiti og gefa upp allar upplýsingar sem beðið er um. Eftir að skráningin hefur verið send kemur staðfesting um móttöku frá Vinnuskólanum.

Frekari upplýsingar og útskýringar á starfsemi Vinnuskóla Reykjavíkur og aðstoð við útfyllingu á skráningarblaði má fá hjá eftirfarandi:

- Skrifstofu Vinnuskóla Reykjavíkur, Skúlagötu 19, 3. hæð. Sími: 563 2750.
- Heimasíðu Vinnuskóla Reykjavíkur á netinu: [www.vinnuskoli.is](http://www.vinnuskoli.is)
- Námsráðgjöfum í hverjum grunnskóla í Reykjavík.
- Þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar.
- Alþjóðahúsi, Hverfisgötu 18. Sími: 530 9300.